

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð um takmörkun á samkomum vegna farsóttar, nr. 404/2021.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. reglugerðarinnar:

- a. c-liður 1. mgr. verður svohljóðandi: Skemmtana, svo sem einkasamkvæma, fermingarveislna o.þ.h., sbr. þó 5. gr.
- b. Orðin "svo sem söfnum" í 2. mgr. falla brott.
- c. 4. mgr. verður svohljóðandi:

Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. er allt að 100 gestum heimilt að vera viðstaddir athafnir trú- og lífsskoðunarfélaga og sviðslistar-, menningar- og íþróttaviðburði, ráðstefnur, fyrirlestra eða sambærilega viðburði, að uppfylltum öllum eftirfarandi skilyrðum:

 1. Allir gestir séu sitjandi og ekki andspænis hver öðrum.
 2. Allir gestir séu skráðir, a.m.k. nafn, kennitala og símanúmer. Skráin skal varðveitt í tvær vikur og eytt að þeim tíma liðnum.
 3. Allir gestir noti andlitsgrímu nema þegar neytt er drykkjar- eða neysluvöru.
 4. Tryggt sé að fjarlægð milli ótengdra gesta sé a.m.k. 1 metri.
 5. Áfengisveitingar séu ekki heimilar.
 6. Skipuleggjendum viðburða er skylt að tryggja þegar gestir eru ekki í sætum, svo sem fyrir og eftir viðburð og í hléi, að ekki komi fleiri saman en 20 manns og virt sé 2 metra nálægðartakmörkun milli ótengdra aðila.
 7. Þrátt fyrir að heimilt sé að hafa hlé á viðburðum skal biðja gesti um að halda kyrru fyrir í sætum sínum.
 8. Sala eða boð um veitingar er ekki heimil í hléi.

Sé eitthvert ofangreindra skilyrða ekki uppfyllt er hámarksfjöldi á viðburði 20 manns í hverju rými.
- d. Á undan 5. mgr. bætist ný málsgrein sem verður 5. mgr., svohljóðandi:

Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. er söfnum heimilt að taka á móti helmingi af hámarksfjölda móttökugetu hvers safns og skulu gestir skráðir með nafni, kennitölu og símanúmeri.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað tölunnar "20" í 4. málsl. 1. mgr. kemur: 30.
- b. Orðin "en búnaður skal ekki fara á milli notenda í sama hóptíma og skal sótthreinsaður fyrir og eftir æfingu" í 6. málsl. 3. mgr. falla brott.
- c. 6. mgr. fellur brott.
- d. 5.-10. málsl. 8. mgr. falla brott.
- e. Á eftir 8. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Þrátt fyrir 1. mgr. 3. gr. er tjaldstæðum heimilt að taka við helmingi af hámarksfjölda móttökugetu hvers svæðis og gæta skal að sóttvarnaráðstöfunum á sameiginlegum þjónustusvæðum.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 12. gr. sóttvarnalaga nr. 19/1997, tekur þegar gildi.

Heilbrigðisráðuneytinu, 20. apríl 2021.

F. h. r.

Ásta Valdimarsdóttir.

Ásthildur Knútsdóttir.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.